

Umsögn

Til: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Dags: 13. október 2023
Mnr: 2023010001



ÍSAFJARÐARBÆR

Umsögn bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar er fylgjandi framtíðarsýn og meginmarkmiðum sem birtast í áætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga þar sem stefnan er sett á að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu, og að innviðir mæti þörfum samfélagsins. Ísafjarðarbær tekur heilshugar undir það markmið að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær og ýtt sé undir lýðræðislega virkni íbúa.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vill draga fram nokkur atriði í áætluninni.

Gert er ráð fyrir að **opinberum störfum á landsbyggðinni verði fjölgað** og að öll opinber störf verði auglýst án staðsetningar nema eðli þeirra kalli á ákveðna staðsetningu. Þetta markmið stuðlar að fjölbreyttum störfum á landsbyggðinni og skiptir máli að þetta gangi eftir. Hér þarf að líta til reynslunnar. Mörg dæmi eru um að ráðið hafi verið í störf með staðsetningu t.d. hjá Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði, Fjölmennigarsetri og Hafrannsóknarstofnun á Ísafirði, og svo hafa þó nokkrir starfsmenn flutt störf sín með sér á höfuðborgarsvæðið án þess að önnur störf hafi komið í staðinn. Skoða þarf hvort hægt sé að festa störf á staðsetningu og hvort það væri möguleiki að forstöðumenn ríkisstofnanna þurfi að sýna fram á rökstuðning ef störfin flytjast annað eða koma með ný störf í staðinn. Störf með staðsetningu þarf að skoða.

Endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga. Tryggja verður sveitarfélögum tekjustofna til að standa undir lögbundnum verkefnum og horfa til nýrra tekjustofna, má þar nefna hlutdeild í fjármagnstekjuskatti, gistináttaskatt og fleira sem nefnt er í skýrslu tekjustofnanefndar sem kom út síðasta haust.

Endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Brýnt er að fylgja eftir boðuðum breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs og hefur bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnað framkomnum tillögum í umsögn sinni um málið. Þessar breytingar hafa það markmið að einfalda útreikninga og bæta gæði jöfnunar. Mikilvægt er að Jöfnunarsjóður sinni með raunverulegum hætti því mikilvæga hlutverki að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum en aðstæður sveitarfélaga landsins eru afar ólíkar, sem koma þarf til móts við. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur undir þá áherslu sem birtist í tillögunum um markvissa jöfnun, og að jöfnunarkerfið styðji áfram við bakið á meðalstórum sveitarfélögum og þau sveitarfélög sem hafa fleiri en einn þéttbýliskjarna og flóknar útgjaldþarfir

Ísafjarðarbær vonast til þess að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarfélagsins.